

Nefndasvið Alþingis  
Heilbrigðisnefnd  
Þórunn María Barkardóttir, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996,  
um tæknifrjógun með síðari breytingum. 183 mál 135. löggjafarþings**

Reykjavík, 16. nóvember 2007

Almenn umsögn

Undirritaður er meðmæltur því að heimildir til stofnfrumurannsókna verði skilgreindar í íslenskum lögum. Stofnfrumurannsóknir eru vaxandi rannsóknasvið. Vegna sérstöðu þessara rannsókna er mikilvægt að skýrar reglur gildi um þær án þess þó að skerða frelsi til að stunda rannsóknir. Einkar mikilvægt er að í lögnum sé skýrt kveðið á um siðfræðilegan grundvöll vísindarannsókna þar sem unnið er með stofnfrumur úr fósturvísunum.

Athugasemdir:

Samkvæmt frumvarpinu fær Vísindasiðanefnd veigamikið hlutverk. Skilgreina þarf betur í lögnum þann ramma sem nefndin skal styðjast við þegar hún veitir leyfi til að nota fósturstofnfrumur eða umframfósturvísu í rannsóknum.

Reglur um varðveislu stofnfrumulína eru ekki nægilega skýrar í frumvarpinu. Spyrja má hvort ekki sé æskilegt að samræma reglur um varðveislu stofnufrumulína að einhverju leyti almennum reglum um varðveislu lífsýna eins og þær eru settar fram í lögum um lífsýnasöfn nr. 110/2000.

Mikilvægt er að skýrar reglur verði settar um þær forsendur sem liggja skulu til grundvallar starfsleyfis og ennfremur vantar ramma um þær kröfur sem Vísindasiðanefnd skal gera til rannsakenda á þessu sviði.

Með kveðju,



Gísli Ragnarsson  
skólameistari